

AUGLÝSING

13

10. febr.

um staðfesting forseta á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 47 1942.

Forsetinn hefur samkvæmt tillögu menntamálaráðuneytisins fallizt á eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 47/1942:

1. gr.

5. tölul. 32. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Dönsku, ensku, frakknesku, grísku, latínu, norsku, sænsku og þýzku. Kennslan miðar að því að veita stúdentum haldgóða þekkingu í þessum tungumálum, með það fyrir augum, að þeir geti lokið prófum baccalaureorum artium samkv. 52. gr.

2. gr.

51. gr. orðist þannig:

Próf í íslenskum fræðum.

Prófgreinar eru þessar:

1. Málfræði og saga íslenzkrar tungu.
2. Íslenzk bókmenntasaga og ritskýring.
3. Saga og menningarsaga Íslendinga.

Lokapróf eru tvenns konar:

- a. Kennarapróf.
- b. Meistarapróf.

A. Kennarapróf.

Kennarapróf skiptist í tvennt.

Fyrri hluti.

Prófið fer fram í öllum þrem prófgreinum, samkvæmt nánari reglum, er kennararnir í íslenskum fræðum setja, og er bæði skriflegt og munnlegt. Aðaláherzla skal lögð á að reyna, hvernig nemandinn hafi fært sér í nyt þá kennslu, sem hann hefur átt kost á, og hæfni hans til framhaldsnáms.

Nemandi skal hafa lokið prófi í latínu, er samsvari máladeildarprófi í Menntaskólanum í Reykjavík eða á Akureyri, áður en hann gengur undir fyrri hluta prófs.

Engum nemanda er heimilt að ganga undir fyrri hluta prófs síðar en 6 misserum eftir innritun í heimspekideild, nema til komi einróma samþykki kennaranna í íslenskum fræðum. Standist nemandi ekki prófið, má hann endurtaka það eftir tvö misseri. En reynist hann þá ekki hæfur, hefur hann fyrirgert rétti sínum til þess að ganga undir lokapróf.

Síðari hluti.

Kandidatinn skal eigi síðar en þrem misserum áður en hann gengur undir prófið hafa valið sér, í samráði við kennarana, hæfilega afmarkað svið í einni af prófgreinunum (kjörsvið), sem hann kynnir sér út í æsar.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt í hverri grein. Hefst það á ritgerð úr kjörsviði kandidatsins, og má verja til hennar allt að 3 vikum. Eigi má líða meir en 6 mánuðir frá því að kjörsviðsritgerð er skilað og þar til hinn hluti prófsins hefst.

Einkunnir eru gefnar bæði fyrir munnlega og skriflega úrlausn í hverri prófgrein, og auk þess tvöföld einkunn fyrir ritgerðina, alls 8 einkunnir. Enn fremur skal telja meðaleinkunn úr fyrri hluta prófi með sem tvöfalda einkunn, svo að aðaleinkunnirnar til kennaraprófs verða alls 10.

13 Að öðru leyti gilda bæði um fyrra og síðara hluta þessa prófs hin almennu
10. febr. ákvæði um embættispróf í háskólanum.

B. Meistarapróf.

Kandidötum, sem leyst hafa af hendi fyrra hluta kennaraprófs, er heimilt að ganga undir meistarapróf. Þeir velji sér að meginviðfangsefni eina af hinum 3 prófgreinum, en innan þeirrar greinar nánar afmarkað svið (kjörsvið), sem þeir skulu rannsaka vísindalega. Prófið er með sama hætti og síðari hluti kennaraprófs, nema hvað kandidatinn fær til úrlausnar kjörsviðsverkefni sínu allt að sex mánuði, og skal það innt af hendi á undan öðrum hlutum prófsins. Auk þess flytur kandidatinn fyrirlestur í heyranda hljóði og fær 8 daga til að semja hann. Einkunnir eru tvær: ágætlega hæfur (admissus cum egregia laude) og hæfur (admissus). Kennararnir í íslenskum fræðum dæma einir um þetta próf.

Þeim stúdentum, sem byrjað hafa nám áður en ákvæði þessi gengu í gildi, er heimilt að ganga undir meistarapróf samkvæmt hinum eldri reglum.

1. málsg. 52. gr. orðist þannig:

Prófgreinar eru þessar:

1. Íslenska.
2. Danska.
3. Enska.
4. Frakkneska.
5. Gríska.
6. Latína.
7. Norska.
8. Sænska.
9. Þýzka.

Þetta tilkynnist þeim, er hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 10. febrúar 1950.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

L Ö G

14
17. febr.

um breyting á lögum nr. 99/1948, um breyting á lögum nr. 128/1947,
um dýrtíðarráðstafanir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „Á árinu 1949“ í niðurlagi 1. gr. komi: Fyrir árslok 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 17. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.